



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 25. mars 2015.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 með síðari breytingum (auglýsingar), 408. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 4. febrúar sl. þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 með síðari breytingum (auglýsingar), 408. mál á 144. löggjafarþingi.

Markmið frumvarpsins er að afnema þann greinarmun sem gerður er á fjölmiðlum þegar kemur að auglýsingu lausasöluþyfa þannig að framvegis megi auglýsa lausasöluþyf í sjónvarpi.

LÍ hefur farið yfir frumvarpið og getur fallist á að það sé óeðlilegt að gera greinarmun milli miðla sem megi birta auglýsingar um lausasöluþyf. Þá hefur LÍ kynnt sér umsagnir um frumvarpið. LÍ bendir sérstaklega á umsögn Lyfjastofnunar þar sem stofnunin bendir á að regluumhverfi lyfjaauglýsinga geri ekki ráð fyrir lyfjaauglýsingum í sjónvarpi. Af því leiði að áður en lyfjaauglýsingar í sjónvarpi verði heimilar þurfi að gefa tímalegt svigrúm til þess að breyta reglugerð um lyfjaauglýsingar svo hún endurspegli þann veruleika að heimila eigi lyfjaauglýsingar í þessum miðli. Lyfjastofnun telur því að gildistöku breytinganna verði að miða við að velferðarráðuneytinu gefist t.d. sex mánuðir til að gera nauðsynlegar reglugerðarbreytingar. Sömuleiðis bendir LÍ á umsögn Stjórnar Félags Ísl. öldrunarlækna þar sem bent er á það að það verði að haga skilyrðum með þeim hætti að augljóst sé hvaða atriði þurfi ætíð að koma fram í auglýsingunni sjálf. Það sé ekki heppilegt að hafa slík atriði valkvæð. LÍ tekur undir að það sé mikilvægt að í lyfjaauglýsingum komi ætíð fram ábendingar um helstu aukaverkanir.

Verði eftir því óskað eru fulltrúar LÍ tilbúnir að koma á fund velferðarnefndar til að ræða frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.